

Nd.

162. Framhalds-nefndarálit

um frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi (þskj. 136).

Háttvirt efri deild hefir gert tvær breytingar á frumvarpi þessu. Önnur er sú, að tollur af brendu kaffi skuli vera 5 aurum hærri á pundi en af óbrendu, og er sú breyting til bóta. Hin er sú, að felt hefir verið burt það ákvæði, að hin lögskipaða hækkun á aðflutningsgjaldi skyldi ná til allra áfengra drykkja, er flyttust til landsins eftir 24. febr. 1909. Téd tímatakmark var tekið upp í Nd. og er miðað við það, að frumvarpið hefði með afbrigðum frá þingsköpum þá getað verið afgreitt frá þinginu sem lög og jafnskjótt öðlast staðfestingu, ef staðfestingarvaldið hefði verið hér á staðnum, eða unt hefði verið að fá löginn staðfest gegnum ritsmann. Ákvæði í þessa átt er eitt af þeim ráðum, er bent hefir verið á til þess að varna því, að landssjóður bíði eigi alllitinn tekjumissi fyrir það, hve langur dráttur hlýtur sökum sérstakrà staðháttu að verða á því, að löginn nái staðfestingu konungs. Jafnvel þó meiri hluta nefndarinnar hefði verið næst skapi, að taka upp aftur sama ákvæði um tímatakmarkið, þykir ekki

fært að halda því til streitu gegn eindreginni mótspyrnu Ed. Nefndin hefir því orðið ásátt um þá tillögu, að lögín séu látin ganga í gildi þann dag, sem þau verða afgreidd frá þinginu, er væntanlega verður 12. þ. m.

Við 3. umræðu í neðri deild var samþykkt viðaukatillaga um toll af súrum berjasafa, og fyrir henni gerð sú grein, að með tollinum ætti að tálma innflutningi téðrar vörutegundar, er gæti verið skaðleg til neyzlu, en þá er tollurinn alt of lágur 30 aurar af potti og mætti ekki minni vera en 1 kr.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum:

1. Aftan við orðin í 4. tölul. 1. gr. »óblandaður til drykkjar« bætist: svo og af súrum berjasafa (súrsaft).
 2. 15. tölul. 1. gr. falli burt.
 3. 3. gr. orðist þannig:
- Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru afgreidd frá alþingi, 12. marz 1909.

Alþingi 10. marz 1909.

Ólafur Briem, Björn Kristjánsson, Jón Ólafsson, Einar Jónsson.
formaður. skrifari framsögumaður.

Jóh. Jóhannesson. Magnús Blöndahl. Jón Sigurðsson.